# Styrkumsóknir til borgarráðs 2018

| | Tengiliður | Efni | Dags. bréfs | Sótt um kr. | Sótt um áður | Tillaga að styrk | Málsnúmer |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| 1 | Eggert Ólafsson | Gólfklubbur borgarstarfsmanan starfsárið 2018 | 12.2.2018 | 500.000 | já, hefur fengið styrk undanfarin ár | 300.000 | R17030124 |
| 2 | Björn Eysteinsson | Seniora karlalandslið Íslands í bridge - Evrópumót 2018 | 5.2.2018 | 250.000 | nei | 100.000 | R18030039 |
| 3 | Lóa Birna Birgisdóttir | Þátttaka TEAM REYKJAVÍKURBORG í WOW Cyclothon 2018 | 6.3.2018 | 500.000 | nei | 500.000 | R18030091 |
| 4 | Sigrún Grendal | Nótan 2018: Uppskeruhátíð tónlistarskóla | 3.3.2018 | 400.000 | Styrkt undanfarin ár | 400.000 | R18030099 |

Reykjavík 4. mars 2018

**Styrkumsókn til borgarráðs**

Við hjá Golfklúbbi borgarstarfsmanna (GBS) þökkum kærlega fyrir styrkinn sem við fengum á starfsárinu 2017.

**Stjórn Golfklúbbsins óskar eftir 500.000 kr. styrk frá Reykjavíkurborg til þess að efla starf klúbbsins**

Golfklúbbur borgarstarfsmanna var stofnaður í október 2009 og er hann opinn öllum starfsmönnum borgarinnar. Klúbburinn hefur það að markmiði að efla liðsanda, auka samheldni og stuðla að meiri íþróttaiðkun og betri lýðheilsu starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Meðlimum klúbbsins hefur fjölgað mikið frá stofnun og eru um 200 félagsmenn skráðir í klúbbinn og flestir þeirra virkir. Í klúbbnum eru bæði byrjendur og vanir golfarar sem jafnframt eru í öðrum golfklúbbum, en sjá tækifæri til þess að kynnast fleiri starfsmönnum borgarinnar og spila á fleiri völlum fyrir tilstuðlan GBS.

Á árinu 2017 fjölgaði meðlimum klúbbsins en mest munar um aukna virkni starfsmanna við golfiðkun þar sem spilaðir hringir eru töluvert fleiri en árið áður. Um leið og það er ánægjulegt að borgarstarfsmenn í GBS auki hreyfingu sína, og stuðli þannig að heilsueflingu, kallar það á aukin útgjöld fyrir klúbbinn og var klúbburinn því rekinn með tapi á árinu 2017.

Styrkur þessi mun standa straum af kostnaði við endurnýjun á núverandi samstarfssamningum við golfklúbba á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Félagsgjöld eru hófleg til þess að gera sem flestum borgarstarfsmönnum kleift að spila golf.

Vonast er til að málaleitan þessari verði vel tekið. Stjórn GBS telur golfklúbbinn frábæran vettvang til þess að efla félagsstarf og heilsu starfsfólks borgarinnar, þvert á starfssvið, og í góðu samræmi við þau markmið sem fram koma í stefnu um heilsueflingu starfsfólks Reykjavíkurborgar:

Íþróttin er vinsæl, býður upp á útiveru, holla hreyfingu og skemmtilegan félagsskap.

F. h. stjórnar Golfklúbbs borgarstarfsmanna

Eggert Ólafsson, gjaldkeri

# Greinargerð um ráðstöfun styrkfjár

**Styrkþegi: Golfklúbbur borgarstarfsmanna**

**Kennitala: 631009-0180**

**Sími: 693 9330**

**Netfang: golf@reykjavik.is**

**Heiti verkefnis: Niðurgreiðsla á vallargjöldum fyrir félagsmenn GBS árið 2017**

**Tímasetning: 01.05.2017-30.09.2017**

**Uppgjör: Niðurgreiðslur á vallargjöldum hjá tíu golfklúbbum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess sumarið 2017.**

**Greiðslur/útgjöld: 1.657.462 kr.**

**Styrkur frá Reykjavíkurborg: 300.000 kr.**

**Aðrir styrkir: 0**

**Eigin fjáröflun: 1.357.462 kr.**

**Stutt frásögn um verkefnið:**

**GBS greiddi niður vallargjöld félagsmanna að tíu golfklúbbum sumarið 2017. Meðal þeirra eru margir helstu golfklúbbar á höfuðborgarsvæðinu, t.d. GM í Mosfellsbæ, GKG í Kópavogi og Garðabæ og GK í Hafnarfirði. Þessir vellir nýtast mjög vel fyrir meðlimi GBS, enda allir í nágrenni Reykjavíkur.**

**Dags. 12.02.2018**

**Undirskrift Eggert Ólafsson, Gjaldkeri GBS**

Greinargerðir vegna styrkja til menningarmála sendist á netfangið: menning@reykjavik.is

Greinargerðir vegna styrkja í öðrum málaflokkum sendist á netfangið: styrkir@reykjavik.is

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

| | |
|---|---|
| **Umsækjandi:** | **Golfklúbbur borgarstarfsmanna, GBS** |
| **Kennitala:** | **631009-0180** |
| **Heimilisfang:** | **Borgartúni 12-14** |
| **Netfang:** | **golf@reykjavik.is** |
| **Símanúmer:** | **693 9330** |
| **Póstnúmer:** | **105** |
| **Staður:** | **Reykjavík** |
| **Nafn ábyrgðarmanns:** | **Eggert Ólafsson** |
| **Kennitala ábyrgðarmanns:** | **2907523299** |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila:** | **Klapparberg 14** |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila:** | **111** |
| **Netfang ábyrgðaraðila:** | **eggert.olafsson@reykjavik.is** |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila:** | **693 9330** |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila:** | **Gjaldkeri GBS** |
| **Upphæð sem sótt er um:** | **500.000 kr.** |
| **Banki:** | **516 (Íslandsbanki)** |
| **Höfuðbók:** | **04** |
| **Reikningsnúmer:** | **763000** |
| **Heiti verkefnis:** | **Heilsuefling borgarstarfsmanna með golfiðkun** |

**Lýsing á verkefni:**

Golfklúbbur borgarstarfsmanna hefur það að markmiði að efla liðsanda, auka samheldni og stuðla að meiri íþróttaiðkun og betri lýðheilsu starfsmanna Reykjavíkurborgar. Meðlimum klúbbsins hefur fjölgað mikið frá stofnun og eru um 200 félagsmenn skráðir í klúbbinn.

Á árinu 2017 fjölgaði meðlimum klúbbsins á sama tíma og virkni félagsmanna jókst, en spilaðir hringir voru töluvert fleiri en árið áður. Um leið og það er ánægjulegt að borgarstarfsmenn í GBS auki hreyfingu sína, og stuðli þannig að heilsueflingu, kallar það á aukin útgjöld fyrir klúbbinn og var klúbburinn því rekinn með tapi á árinu 2017.

Styrkur þessi mun standa straum af kostnaði við endurnýjun á núverandi samstarfssamningum við golfklúbba á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Félagsgjöld eru hófleg til þess að gera sem flestum borgarstarfsmönnum kleift að spila golf.

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?**

Allir félagsmenn GBS hafa þann hag af styrknum að geta spilað golf fyrir hóflegt gjald á 10 golfvöllum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess. Auk þess stendur GBS fyrir nokkrum vel sóttum golfmótum á hverju sumri þar sem starfsmenn borgarinnar hittast og keppa hver við annan þvert á svið og skipulagseiningar borgarinnar.
Hlutföll kynjanna eru mjög jöfn í GBS en 45% félagsmanna eru konur og 55% karlar.

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**

Stjórn félagsins heldur utan um starfsemi golfklúbbsins. Nýskipuð stjórn er skipuð tveimur konum og fimm körlum. Formaður klúbbsins er kona.

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

Já, stjórnin hefur lagt sig fram um að jafna hlut kynjanna í allri starfsemi sinni, t.d. með jöfnum verðlaunum karla og kvenna í öllum mótum GBS. Þannig eru veitt þrenn verðlaun karla og þrenn verðlaun kvenna í flestum mótum.

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

Golfklúbbur borgarstarfsmanna hefur mannrétttindastefnu Reykjavíkurborgar í huga í öllu sínu starfi.

**Fjármögnun:**

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

Fyrsta mót ársins 2017 var haldið í mars og það síðasta í september. Það má því segja að klúbburinn hafi verið virkur í 7 mánuði af 12. Stefnt er að sambærilegri virkni á þessu ári, 2018. Stjórnin starfar þó meira og minna allt árið vegna samninga við golfklúbba, fjármál, undirbúning aðalfundar í mars o.fl.

**Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir**

Rekstrartekjur ársins 2017 voru samtals 2.915.315 kr. Þar af voru félagsgjöld 2.65.200 kr. og styrkur Reykjavíkurborgar 300.000 kr. Eigin fjáröflun vegna niðurgreiðslu á vallargjöldum var 1.357.462 kr. og er hún hluti félagsgjalda. Á árinu 2018 voru félagsgjöld hækkuð um 5%. Sú hækkun, ásamt umsóttum styrk frá Reykjavíkurborg ætti að tryggja hallalausan rekstur félagsins á þessu ári.

**Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir**

Rekstrarútgjöld ársins 2017 voru samtals. 3.096.366 kr. Þar af voru vallargjöld til annarra golfklúbba 1.657.462 kr. á árinu 2017, en styrkur borgarinnar er sérstaklega hugsaður til þess að lækka útgjöld félagsmanna vegna spilaðra hringja hjá öðrum golfklúbbum. Annar stór útgjaldaliður er aðildargjöld sem námu 983.200 kr. Þá var kostnaður vegna móta 329.080 kr. og annar kostnaður samtals 126.624 kr. Gert er ráð fyrir 5-10% hækkun á þessum útgjöldum á árinu 2018.

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?**

Nei, ekki er sótt um styrki til annarra.

## Aðrar upplýsingar:

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

Aðeins fyrsta árið, árið 2010, áður en klúbburinn hafði sýnt fram á þá öflugu starfsemi sem síðar varð.

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?**

Já, Reykjavíkurborg hefur veitt GBS styrk árlega frá árinu 2011. Upphæðin var 300.000 kr. á síðasta ári, 2017.

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

GBS var rekið með tæplega 200 þúsund króna tapi árið 2017 sem má fyrst og fremst rekja til aukinnar virkni félagsmanna en útgjöld vegna vallargjalda hækkuðu um rúmlega 400 þúsund krónur árið 2017 frá fyrra ári. Umsóttur 500 þúsund króna styrkur myndi því tryggja áframhaldandi hóflegt gjald fyrir aðgang félagsmanna að allt að 10 golfvöllum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess á árinu 2018.

# Seniora landslið Íslands í bridge. Evrópumót 2018.

1. EBL, Bridge-samband Evrópu og WBF, Heimssambandið, eru styrk og vel rekin sambönd í bridgeheiminum og hafa notið mikillar virðingar frá stofnun, fyrir ca 65-70 árum síðan. Bridgesamband Íslands er einnig vel rekið samband, með 50 félögum víðsvegar um landið, og var stofnað árið 1948.
2. EBL og WBF hafa séð um að halda Evrópu- og Heimsmeistaramót annað hvert ár, bæði Opinn- og Kvennaflokk, síðan 1950...auk þess sjá þau um Olympíumót á 4ra ára fresti. Í þessi mót mæta nokkur þúsund keppendur hverju sinni og spila um helstu titla í bridgeheiminum.
3. Fyrir 20 árum, þá byrjuðu bæði Evrópu-og Heimssambandið að keppa í Senioraflokki um Evrópumeistaratitil og Heimsmeistaratitil. Aldursviðmið hefur verið 60 ár. Því miður hefur Ísland ekki ennþá tekið þátt í þessum Seniora flokki, en hver þjóð má senda eitt lið í Opna, Kvenna og Seniora. Vegna fjárskorts BSÍ hafa hingað til Opni- og kvennflokkurinn haft forgang um þátttöku af hálfu Íslands. Vinsældir Seniora flokksins hafa aukist jafnt og þétt með hverju móti og á síðasta Evrópumóti sendu þjóðirnar í Evrópu nánast jafn mörg lið í Seniora- og Opnaflokkinn. Það eru veitt jafnmörg verðlaun fyrir alla flokkana á Evrópumóti og allir flokkarnir fá kvóta inná Heimsmeistaramótið.
4. Ísland er með marga góða spilara á Seniora-aldri og nú hefur verið tekin ákvörðun um að senda árið 2018 í fyrsta sinn lið Seniora frá Íslandi.
   Liðið hefur verið valið: Björn Eysteinsson, Guðmundur Hermannsson, Haukur Ingason, Karl Sigurhjartarson, Sævar Þorbjörnsson og Þorlákur Jónsson. Allir þessir spilarar hafa tekið þátt í alþjóðlegum mótum í marga áratugi og eru verðugir frumherjar frá Ísland á Evrópumót Seniora í bridge.
5. Okkur langar til þess að fara fram á styrk Reykjavíkurborgar í þetta frumherjastarf, sem þátttaka á Evrópumóti Seniora er í Ostende í Belgíu, 10-16 júní. Kr 250.000 yrði frábært framlag og myndi það gera kr 50.000.- fyrir hvern af þeim 5 ofannefndu landsliðsmönnum, sem búa í Reykjavík og hafa verið valdir. Auk þess býr Guðmundur Baldursson, sem fer með sem liðsstjóri, einnig í Reykjavík.

Með fyrirfram þakklæti og bestu kveðjum, 5.febrúar 2018.

Björn Eysteinsson, fyrirliði.

Guðmundur Baldursson, landsliðseinvaldur.

Jafet Ólafsson, forseti BSÍ.

**Umsókn um styrk úr Borgarsjóði**

**Umsækjandi: Bridgesamband Íslands**

**Kennitala: 480169-4769**

**Heimilisfang: Síðumúla 37, Reykjavik**

**Netfang: bse@mi.is**

**Símanúmer: 896 2245**

**Póstnúmer: 108**

**Staður: Reykjavík**

**Nafn ábyrgðarmanns: Björn Eysteinsson**

**Kennitala ábyrgðarmanns: 091248-3289**

**Heimilisfang ábyrgðaraðila: Hörgshlíð 2**

**Póstnúmer ábyrgðaraðila: 105 Reykjavík**

**Netfang ábyrgðaraðila: bse@mi.is**

**Símanúmer ábyrgðaraðila: 896 2245**

**Hlutverk ábyrgðaraðila: Fyrirliði og landsliðsmaður**

**Upphæð sem sótt er um: Kr 250.000.-**

**Banki: 0515**

**Höfuðbók: 26**

**Reikningsnúmer: 400036**

**Heiti verkefnis: Evrópumót Seniora-landsliða í Bridge.**

**Lýsing á verkefni: Þetta verður í fyrsta sinn, sem Bridgesamband Íslands mun senda landslið Seniora á Evrópumót í Bridge. Haldið í Ostende í Belgíu 9 – 16 júní 2018.**

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?**

Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Nær eingöngu karlar

Fleiri karlar en konur

Bæði kynin jafnt

Fleiri konur en karlar

Nær eingöngu konur

Seniora-flokkur er fyrir bæði kynin. Þar fyrir utan sendir BSÍ sérstakan kvennaflokk og Opinn flokk, sem er líka fyrir bæði kynin.

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**

Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Aðallega karlar

Aðallega konur

Bæði kynin jafnt..Björn Eysteinsson og Ólöf Þorsteinsdóttir

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

**Já...algjörlega. Sennilega gerir engin íþrótt meira fyrir konur en Bridge... bjóðandi konum bæði að taka þátt í a)kvennaflokki + b) opnum flokki. Karlar geta bara keppt í opnum flokki.**

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? (Mannréttindastefnu má finna hér:**

http://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_reykjavikurborgar_3.pdf)

Mjög vel !

**<u>Fjármögnun:</u>**

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins. Æfingar eru hafnar og munu aukast jafnt og þétt fram að sjálfu Evrópumótinu, 9 – 16 júní.**

**Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir. BSÍ mun leggja fram 1/3 af heildarkostnaði....ca 700.000**

**Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir. Heildarkostnaður við þátttöku Seniora landsliðs á komandi Evrópumóti er kr 2.100.000.- og er þá ekki landsliðsmönnum boðið uppá kvöldmat eða dagpeninga á meðan á mótinu stendur.**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða? 9 fyrirtækjum hefur verið send styrkbeiðni og er beðið svara frá þeim. (3 hafa svarað jákvætt...2x90.000 + 1 x 50.000)**

-

-

-

**<u>Aðrar upplýsingar:</u>**

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda? Nei.**

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks? Nei.**

**Annað sem umsækjandi vill taka fram.** **Það hefur margoft komið fram hin síðari ár hversu mikilvægt það sé fyrir lýðheilsu eldra fólks að hafa verkefni til að glíma við, bæði fyrir almenna heilsu og andlegt atgervi. Þarna kemur iðkun bridge mjög sterkt inn, sem alvöru verkefni fyrir heilabú hvers og eins. BSÍ mun auka stuðning og verkefni fyrir þá sem eru komnir á eftirlaunaaldur, bæði með kennslu og fyrir lengra komna að spila 1-2 sinnum í viku.**

Borgarráð

Reykjavík 6.mars 2018

**Efni: Umsókn um styrk til þátttöku í WOW Cyclothon**

Fyrir hönd tilvonandi TEAM REYKJAVÍKURBORG er óskað eftir styrk að fjárhæð 500 þús. kr. til að standa straum af kostnaði við þátttöku í WOW Cyclothon sem haldið verður dagana 26.-30.júní nk.

WOW Cyclothon er stærsta götuhjólreiðakeppni á Íslandi og hefur hún verið haldin árlega frá 2012. Hjólað er hringinn í kringum Ísland með boðsveitarformi þar sem liðsfélagar skipta á milli sín kílómetrunum 1358. Þátttaka í WOW Cyclothon hefur aukist jafn og þétt frá árinu 2012. Í fyrstu keppninni tóku 52 hjólarar í 13 liðum þátt en á síðasta ári tóku 1300 hjólarar þátt í 144 liðum. Reykjavíkurborg hefur ekki tekið þátt áður en fjöldamörg fyrirtæki eru að senda og styðja við starfshópa til þátttöku í keppninni.

Keppendur í WOW Cyclothon keppast ekki einungis við að verða fyrstir í mark heldur fer fram keppni í áheitasöfnun þeirra á milli þar sem liðin leitast við að ná sem flestum áheitum til styrktar því málefni sem keppnin styrkir hvert ár. Í gegnum tíðina hafa fjölmörg góð verkefni hlotið styrk í gegnum áheitasöfnun keppninnar og sem dæmi má nefna Hjólakraft og Batamiðstöð á geðsviði LSH.

Keppnin er tvískipt í A og B flokk og hefur B-flokkur hefur verið stærsti flokkurinn undanfarin ár en lið í flokknum eru samsett af 5-10 liðsmönnum/konum. Í B-flokki eru hlutverk ekki fyrirfram skilgreind sem þýðir að allir liðsmenn geta hjólað og keyrt fylgdarbíla í hvaða hlutföllum sem liðinu hugnast. Keppt er í þremur undirflokkum B-flokks; karla, kvenna eða blönduðum flokki. Ræsing á liðakeppni er 27.júní og B-flokkur er ræstur kl.19. Tímarammi B-flokks til að ljúka keppni rennur síðan út 30.júní kl.19.

Auglýst var eftir áhugasömum starfsmönnum hjá Reykjavíkurborg til þátttöku í WOW Cyclothon á Workplace og sýndi hópur starfsmanna því áhuga á að taka þátt. Áhugasamir þátttakendur koma frá mismunandi sviðum borgarinnar og í dag eru það 12 starfsmenn frá 5 sviðum sem eru tilbúnir að skipa 10 manna lið fyrir Reykjavíkurborg. Lið Reykjavíkurborgar myndi skrá sig til þátttöku í blönduðum flokki og miðað við stöðuna á áhugasömum þátttakendum þá væri jöfn kynjaskipting í liði Reykjavíkurborgar.

Markmiðið með þátttöku í WOW Cyclothon er margþætt. Þátttakan væri liður í heilsueflingu starfsmanna Reykjavíkurborgar og væri með áberandi hætti verið að sýna Reykjavíkurborg sem heilsueflandi vinnustað. Þátttaka starfsmanna frá mismunandi starfseiningum og sviðum væri einnig liður í því að vinna að því að starfsmenn upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað.

Þátttaka í WOW Cyclothon getur einnig haft margvíslegan ávinning fyrir Reykjavíkurborg. WOW Cyclothon viðburðurinn vekur jafnan mikla athygli og fær umfjöllun fjölmiðla. Þátttakan býður því upp á leið til að vinna með ímynd Reykjavíkurborgar sem vinnustaðar sem er líflegur og virkur og vera aðdráttarafl fyrir starfsmenn sem eru að leita að starfi. WOW Cyclothon snýst ennfremur um samvinnu, liðsheild og stuðning og myndi lið Reykjavíkurborgar taka þátt á þeim forsendum og miðla til samstarfsmanna.

Aðstandendur WOW Cyclothon og keppendur setja markið hátt en í keppninni eru allir sigurvegarar. Markmið TEAM REYKJAVÍKURBORG er að vera með og vekja athygli á heilsueflingu og vinnustaðnum Reykjavíkurborg. Lið Reykjavíkurborgar yrði allt í sérstökum hjólafatnaði sem yrði útbúin fyrir liðið og merkt Reykjavíkurborg.

Kostnaður við þátttöku í WOW Cyclothon felst í þátttökugjaldi keppninnar, leigu á bílum, olíu á bíla, fatnaði fyrir liðið og mat (sjá meðfylgjandi kostnaðaráætlun).
Undirbúningur hefst um leið og svar hefur borist við styrkumsókn.

Starfsmenn sem myndu skipa lið Reykjavíkurborgar væru að stíga út fyrir þægindarammann en um leið vekja athygli á mikilvægi heilsueflingar þar sem hreyfing stuðlar að bættri heilsu og lífsgleði. Er það mat áhugasamra að það væri jákvætt fyrir starfsmenn og starfsemi Reykjavíkurborgar vera með lið í þessum viðburði.

Fyrir hönd TEAM REYKJAVÍKURBORGAR og með von um jákvæðar undirtektir

Lóa Birna Birgisdóttir
verkefnastjóri heilsueflingar starfsmanna

## Kostnaðaráætlun fyrir þátttöku Team Reykjavíkurborg í WOW Cyclothon 2018

| | Áætlun |
|---|---|
| **Þáttökugjald** | **150.000** |
| **Bílaleigubílar (2 stk.)** | **350.000** |
| Leiga | 325.000 |
| Tryggingar | 25.000 |
| **Olía á bíla** | **70.000** |
| **Búningar** | **250.000** |
| **Annað ótalið og ófyrirséð** | **0** |
| **Matur og drykkir** | **0** |
| **Samtals** | **820.000** |

**Umsókn um styrk úr Borgarsjóði**

**Umsækjandi: Team Reykjavíkurborg**

**Kennitala:**

**Heimilisfang:**

**Netfang:**

**Símanúmer:**

**Póstnúmer:**

**Staður:**

**Nafn ábyrgðarmanns: Lóa Birna Birgisdóttir**

**Kennitala ábyrgðarmanns: 1201723289**

**Heimilisfang ábyrgðaraðila: Gefjunarbrunnur 17**

**Póstnúmer ábyrgðaraðila: 113**

**Netfang ábyrgðaraðila:loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is**

**Símanúmer ábyrgðaraðila: 8223040**

**Hlutverk ábyrgðaraðila: Verkefnastjóri heilsueflingar starfsmanna**

**Upphæð sem sótt er um: 500.000 kr**

**Banki:**

**Höfuðbók:**

**Reikningsnúmer:**

**Heiti verkefnis: Þátttaka í WOW Cyclothon**

**Lýsing á verkefni:**

Fyrir hönd tilvonandi TEAM REYKJAVÍKURBORG er óskað eftir styrk að fjárhæð 500 þús. kr. til að standa straum af kostnaði við þátttöku í WOW Cyclothon sem haldið verður dagana 26.-30.júní nk.

WOW Cyclothon er stærsta götuhjólreiðakeppni á Íslandi og hefur hún verið haldin árlega frá 2012. Hjólað er hringinn í kringum Ísland með boðsveitarformi þar sem liðsfélagar skipta á milli sín kílómetrunum 1358. Þátttaka í WOW Cyclothon hefur aukist jafn og þétt frá árinu 2012. Í fyrstu keppninni tóku 52 hjólarar í 13 liðum þátt en á síðasta ári tóku 1300 hjólarar þátt í 144 liðum. Reykjavíkurborg hefur ekki tekið þátt áður en fjöldamörg fyrirtæki eru að senda og styðja við starfshópa til þátttöku í keppninni.

Keppendur í WOW Cyclothon keppast ekki einungis við að verða fyrstir í mark heldur fer fram keppni í áheitasöfnun þeirra á milli þar sem liðin leitast við að ná sem flestum áheitum til styrktar því málefni sem keppnin styrkir hvert ár. Í gegnum tíðina hafa fjölmörg góð verkefni hlotið styrk í gegnum áheitasöfnun keppninnar og sem dæmi má nefna Hjólakraft og Batamiðstöð á geðsviði LSH.

Keppnin er tvískipt í A og B flokk og hefur B-flokkur hefur verið stærsti flokkurinn undanfarin ár en lið í flokknum eru samsett af 5-10 liðsmönnum/konum. Í B-flokki eru hlutverk ekki fyrirfram skilgreind sem þýðir að allir liðsmenn geta hjólað og keyrt fylgdarbíla í hvaða hlutföllum sem liðinu hugnast. Keppt er í þremur undirflokkum B-flokks; karla, kvenna eða blönduðum flokki. Ræsing á liðakeppni er 27.júní og B-flokkur er ræstur kl.19. Tímarammi B-flokks til að ljúka keppni rennur síðan út 30.júní kl.19.

### Hverjir hafa helst hag af styrknum?

Auglýst var eftir áhugasömum starfsmönnum hjá Reykjavíkurborg til þátttöku í WOW Cyclothon á Workplace og sýndi hópur starfsmanna því áhuga á að taka þátt. Áhugasamir þátttakendur koma frá mismunandi sviðum borgarinnar og í dag eru það 12 starfsmenn frá 5 sviðum sem eru tilbúnir að skipa 10 manna lið fyrir Reykjavíkurborg. Lið Reykjavíkurborgar myndi skrá sig til þátttöku í blönduðum flokki og miðað við stöðuna á áhugasömum þátttakendum þá væri jöfn kynjaskipting í liði Reykjavíkurborgar.

Markmiðið með þátttöku í WOW Cyclothon er margþætt. Þátttakan væri liður í heilsueflingu starfsmanna Reykjavíkurborgar og væri með áberandi hætti verið að sýna Reykjavíkurborg sem heilsueflandi vinnustað. Þátttaka starfsmanna frá mismunandi starfseiningum og sviðum væri einnig liður í því að vinna að því að starfsmenn upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað.

Þátttaka í WOW Cyclothon getur einnig haft margvíslegan ávinning fyrir Reykjavíkurborg. WOW Cyclothon viðburðurinn vekur jafnan mikla athygli og fær umfjöllun fjölmiðla. Þátttakan býður því upp á leið til að vinna með ímynd Reykjavíkurborgar sem vinnustaðar sem er líflegur og virkur og vera aðdráttarafl fyrir starfsmenn sem eru að leita að starfi. WOW Cyclothon snýst ennfremur um samvinnu, liðsheild og stuðning og myndi lið Reykjavíkurborgar taka þátt á þeim forsendum og miðla til samstarfsmanna.

### Hverjir munu vinna að verkefninu?

Lið Reykjavíkurborgar myndi taka þátt í keppninni og vinna saman að undirbúningi miðað við stöðuna á áhugasömum þátttakendum þá er jöfn kynjaskipting í liði Reykjavíkurborgar eða 6 konur og 6 karlmenn.

### Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Já mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.

### Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

**(Mannréttindastefnu má finna hér:**

http://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_reykjavikurborgar_3.pdf)

**Fjármögnun:**

### Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Undirbúningur fyrir verkefnið og þátttöku hefst um leið og svar hefur borist við styrkumsókn. Lið Reykjavíkurborgar mun ekki skrá sig til þátttöku nema styrkur fáist til verkefnisins. Undirbúningur felst í að leigja bíla, panta fatnað og gera áætlun fyrir keppnina. Jafnframt að hver þátttakandi skuldbindur sig til að æfa fyrir hjólreiðakeppnina og miðla upplýsingum um þátttöku til samstarfsfólks með ýmsum hætti. Liðakeppni hefst 27.júní og B-flokkur er ræstur kl.19. Tímarammi B-flokks til að ljúka keppni rennur síðan út 30.júní kl.19.

## Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir

**Engir**

## Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir

Kostnaður við þátttöku í WOW Cyclothon felst í þátttökugjaldi keppninnar, leigu á bílum, olíu á bíla, fatnaði fyrir liðið og mat (sjá meðfylgjandi kostnaðaráætlun).

## Kostnaðaráætlun fyrir þátttöku Team Reykjavíkurborg í WOW Cyclothon 2018

| | Áætlun | |
|---|---|---|
| **Þáttökugjald** | | **150.000** |
| **Bílaleigubílar (2 stk.)** | | **350.000** |
| Leiga | | 325.000 |
| Tryggingar | | 25.000 |
| **Olía á bíla** | | **70.000** |
| **Búningar** | | **250.000** |
| **Annað ótalið og ófyrirséð** | **0** | |
| **Matur og drykkir** | **0** | |
| **Samtals** | | **820.000** |

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?**

**-Nei**

-

-

**<u>Aðrar upplýsingar:</u>**

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

**Nei**

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?**

**Nei**

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

Starfsmenn sem myndu skipa lið Reykjavíkurborgar væru að stíga út fyrir þægindarammann en um leið vekja athygli á mikilvægi heilsueflingar þar sem hreyfing stuðlar að bættri heilsu og lífsgleði. Er það mat áhugasamra að það væri jákvætt fyrir starfsmenn og starfsemi Reykjavíkurborgar vera með lið í þessum viðburði.

Fyrir hönd TEAM REYKJAVÍKURBORGAR og með von um jákvæðar undirtektir

Lóa Birna Birgisdóttir
verkefnastjóri heilsueflingar starfsmanna

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi: Nótan – uppskeruhátíð tónlistarskóla, FT

Kennitala: 501299-3329

Heimilisfang: Laufásvegur 81

Netfang: sigrun@ki.is

Símanúmer: 6945462

Póstnúmer: 101

Staður: Reykjavík

Nafn ábyrgðarmanns: Sigrún Grendal

Kennitala ábyrgðarmanns: 150370-4429

Heimilisfang ábyrgðaraðila: Langalína 9

Póstnúmer ábyrgðaraðila: 210 Garðabær

Netfang ábyrgðaraðila: sigrun@ki.is

Símanúmer ábyrgðaraðila: 6945462

Hlutverk ábyrgðaraðila: Formaður yfirstjórnar Nótunnar

Upphæð sem sótt er um: 400.000

Banki: 1175

Höfuðbók: 26

Reikningsnúmer: 9297

Heiti verkefnis: Nótan 2018 – Uppskeruhátíð tónlistarskóla

<u>Lýsing á verkefni:</u>

NÓTAN - uppskeruhátíð tónlistarskóla var fyrst haldin skólaárið 2009-2010 og er árlegur viðburður í kerfi tónlistarskóla á Íslandi. Uppskeruhátíðin er ný vídd í starfsemi tónlistarskóla. Hátíðin er í senn faglega hvetjandi og skemmtilegt innlegg í skólastarfið fyrir alla aðstandendur skólanna jafnt innan veggja þeirra sem utan.

NÓTAN fer fram í þremur hlutum og byggir skipulag og grunnhugsun hátíðarinnar á því að þátttakendur séu frá öllu landinu, á öllum aldri og á öllum stigum tónlistarnámsins - að uppskeruhátíðin endurspegli hin ólíku viðfangsefni tónlistarnemenda og það fjölbreytta starf sem fram fer innan tónlistarskóla út um land allt.

NÓTAN er samstarfsverkefni Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Samtaka tónlistarskólastjóra, Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og Tónastöðvarinnar. Hátíðin, sem nú verður haldin í níunda sinn, er víðtækasta samstarfsverkefni sem stofnað hefur verið til í tónlistarskólakerfinu, „grasrót tónlistarsköpunar“ á landinu.

Sjá nánari lýsingu á verkefninu í meðfylgjandi umsókn.

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?**

**Börn og unglingar í tónlistarskólum út um allt land hafa hag af styrknum,**

- **bæði kynin jafnt.**

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**

**Kennarar og stjórnendur í tónlistarskólum vinna að verkefninu. Skipulagning og umsjón svæðistónleika og lokahátíðar Nótunnar er hjá FT, Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og STS, Samtökum tónlistarskólastjóra, - og þiggja fulltrúar samtakanna ekki laun fyrir sína vinnu í verkefninu. Nokkuð jöfn kynjahlutföll.**

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

**Virk jafnréttisstefna er hjá FT og hefur verið innleidd í flestum tónlistarskólum þar sem þeir eru flestir reknir af sveitarfélögunum.**

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar ?**

**Verkefnið fellur vel að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar því tónlistarnemendur geta tekið þátt í Nótunni óháð uppruna, þjóðerni, stétt, tungumáli, litarhætti, trúarbrögðum, lífs-og stjórnmálaskoðunum, kyni, kynhneigð, aldri, fötlun, holdafari, líkamsgerð, heilsufari eða atgervi. Kynjahlutföllin eru nokkuð jöfn á öllum þátttökustigum Nótunnar, innan tónlistarskólanna, á svæðistónleikum og lokahátíð. Þátttakendum er ekki er mismunað eftir aldri og framlag hvers og eins metið að verðleikum án tillits til aldurs. Fötluðum eru tryggðar aðstæður til að taka virkan þátt í Nótunni og má geta þess að á í hópi verðlaunaatriða á lokahátíð voru tvö atriði þar sem fatlaðir einstaklingur léku stórt hlutverk, - blindur píanónemandi og lamaður kennari sem þjálfaði strengjakvartett.**

**Tímaáætlun – verkáætlun . Svæðistónleikar og lokahátíð fara fram í febrúar og mars 2018.**

**Fjármögnun:**

**Áætlaðir tekjuliðir og útgjaldaliðir og upphæðir. Sjá nánari sundurliðun í meðfylgjandi umsókn.**

| | | |
|---|---|---|
| Áætlaður kostnaður | | |
| Vesturland og Vestfirðir | | 315.000 |
| Norður- og Austurland | | 355.000 |
| Höfuðb.sv. utan Rvk., Suðurland og Suðurnes | | 605.000 |
| Reykjavík | | 335.000 |
| Lokahátíð í Eldborg | | 1.770.000 |
| Sameiginlegur kostnaður | | 1.020.000 |
| | *Samtals* | 4.400.000 |

| | | |
|---|---|---|
| Áætlaðar tekjur | | |
| A) | | |
| Þátttökugjöld frá tónlistarskólum | | 400.000 |
| Tónastöðin | | 150.000 |
| Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) | | 750.000 |
| Samtök tónlistarskólastjóra (STS) | | 300.000 |
| B) | | |
| Styrkir frá sveitarfélögum sem hýsa svæðistónleika (ekki í hendi) | | 400.000 |
| (höfum fengið styrki fyrir húsnæðiskostnaði fyrir svæðistónleika Nótunnar frá viðkomandi sveitarfélagi í flestum tilfellum) | | |
| Sótt er um styrk til Reykjavíkurborgar að upphæð: | | 400.000 |
| C) | | |
| Fyrrum styrktaraðilar Nótunnar sem sótt hefur verið til: | | |
| Mennta- og menningarmálaráuneytið | | 400.000 |
| Ýlir – tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk | | 1.000.000 |
| Seðlabankinn | | 400.000 |
| Nýir aðilar | | 200.000 |
| | *Samtals* | 4.400.000 |

Yfirstjórn, framkvæmdastjórn, undirbúningsnefndir og fjöldi annarra sem koma að undirbúningi og framkvæmd þriggja hluta hátíðarinnar þiggja ekki laun fyrir sína vinnu.

**<u>Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?</u>**

**- Mennta- og menningarmálaráðuneyti**

**- Seðlabankanum**

**- Ýli tónlistarsjóði Hörpu**

**- Landsvirkjun**

**<u>Aðrar upplýsingar:</u>**

**<u>Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?</u>**

**Nei**

**<u>Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?</u>**

**Verkefnið fékk styrk að upphæð 500.000 kr. úr Borgarsjóði árið 2016 fyrir Nótuna 2017**

# Reykjavíkurborg

NÓTAN 2018

Styrkbeiðni

**NÓTAN 2018**
Uppskeruhátíð tónlistarskóla

Reykjavík, 3. mars 2018

EFNI:

- **Beiðni um stuðning Reykjavíkurborgar við Nótuna 2018 – uppskeruhátíð tónlistarskóla. Framkvæmdastjórn Nótunnar leitar hér eftir stuðningi Reykjavíkurborgar við uppskeruhátíð tónlistarskóla á Íslandi í formi fjárstyrks að upphæð kr. 400.000.**

## UM NÓTUNA

NÓTAN - uppskeruhátíð tónlistarskóla var fyrst haldin skólaárið 2009-2010 og er árlegur viðburður í kerfi tónlistarskóla á Íslandi. Uppskeruhátíðin er ný vídd í starfsemi tónlistarskóla. Hátíðin er í senn faglega hvetjandi og skemmtilegt innlegg í skólastarfið fyrir alla aðstandendur skólanna jafnt innan veggja þeirra sem utan.

NÓTAN fer fram í þremur hlutum og byggir skipulag og grunnhugsun hátíðarinnar á því að þátttakendur séu frá öllu landinu, á öllum aldri og á öllum stigum tónlistarnámsins - að uppskeruhátíðin endurspegli hin ólíku viðfangsefni tónlistarnemenda og það fjölbreytta starf sem fram fer innan tónlistarskóla út um land allt.

NÓTAN er samstarfsverkefni Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Samtaka tónlistarskólastjóra, Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og Tónastöðvarinnar. Hátíðin, sem nú verður haldin í níunda sinn, er víðtækasta samstarfsverkefni sem stofnað hefur verið til í tónlistarskólakerfinu, „grasrót tónlistarsköpunar" á landinu.

### Markmið

Markmið Nótunnar ná allt frá því að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar til þess að efla listir, menntun og menningu í samfélaginu.

***Gagnvart tónlistarnemendum:***

- Að bjóða upp á faglega hvetjandi vettvang fyrir tónlistarnemendur á öllum aldri, út um allt land,
- að gefa ungu tónlistarfólki tækifæri til að flytja tónlist og hlýða á aðra við metnaðarfullar aðstæður,
- að hvetja tónlistarnemendur til dáða með því að veita þeim viðurkenningu fyrir afrakstur vinnu sinnar og frammistöðu.

***Gagnvart samfélaginu í víðu samhengi:***

- Að efla vitund um mikilvægt hlutverk tónlistarskóla á sviði menntunar, lista og menningar,
- að efla skilning á víðtæku framlagi tónlistarfræðslu og tónlistar til þjóðarbúsins sem og mennsku samfélagsins,
- að efla tónlistarfræðslu og tónlistarlíf á Íslandi.

*Í stefnumörkun UNESCO er bent á nauðsyn þess að unnið sé að því að lista- og menningarstofnanir, fjölmiðlar, iðnaðurinn og einkaaðilar taki virkan þátt í menntun. Vísað er til mikilvægis þess að mótuð sé stefna í list- og verkmenningu sem undirstriki samband milli samfélags og menntunar.*

- Nótan er umfangsmikið verkefni og framkvæmdin kostnaðarsöm eftir því. Hátíðin á tilurð sína að þakka stuðningsaðilum og velunnurum. Tekið skal fram að sjö manna yfirstjórn hátíðarinnar gefur allt sitt vinnuframlag við skipulagningu, framkvæmd og yfirumsjón uppskeruhátíðarinnar. Sömu sögu er að segja um fjórar þriggja manna svæðisstjórnir sem hafa veg og vanda af framkvæmd svæðistónleika hátíðarinnar út um land.

Með vinsemd og virðingu,

*f.h. yfirstjórnar Nótunnar, Júlíana Rún Indriðadóttir, formaður Samtaka tónlistarskólastjóra*

# Hér á eftir má sjá nánari upplýsingar um fyrirkomulag Nótunnar

## ➢ Uppskeruhátíð tónlistarskóla fer fram í þremur hlutum

### 1. Fyrsti hluti / forval innan hvers skóla



Fyrsti hluti Nótunnar fer fram inn í tónlistarskólunum og felur í sér forval/tilnefningar á atriðum til þátttöku í öðrum hluta hátíðarinnar. Hverjum skóla er í sjálfsvald sett hvernig hugmyndin er nýtt í skólastarfinu og hvernig er staðið að fyrrgreindu vali á atriðum. Sem dæmi um leiðir sem hafa verið farnar: Uppskeruhátíðir einstakra skóla, sérstakir valtónleikar innan hvers skóla, keppni innan einstakra skóla, kennarahópurinn velur atriði.

### 2. Annar hluti / fernir svæðistónleikar út um land

Annar hluti Nótunnar fer fram á fernum svæðistónleikum.

### 3. Þriðji hluti / lokahátíð Nótunnar - tónleikar og lokaathöfn í Hörpu

Þriðji hluti Nótunnar fer fram í formi tónleika og lokaathafnar á landsvísu. Á dagskrá tveggja tónleika eru 24 tónlistaratriði frá tónlistarskólum af öllu landinu.

Hátíðinni lýkur með lokaathöfn þar sem veittar eru viðurkenningar og handhafi Nótunnar 2018 endurtekur flutning á verki sínu.

Allir þátttakendur á svæðistónleikum Nótunnar fá viðurkenningarskjal fyrir þátttöku. Valnefnd veitir tíu framúrskarandi atriðum á hverjum svæðistónleikanna sérstök viðurkenningarskjöl og verðlaunagrip Nótunnar. Þá velur valnefnd tiltekinn fjölda atriða á hverjum svæðistónleikum sem öðlast þátttökurétt á lokahátíð Nótunnar.

**Samfélagsleg skírskotun**

- Jákvæðnin er ríkjandi afl í Nótunni en um leið er „keppniselementið" nýtt til að ýta undir frumkvæði, hugmyndaauðgi, kjark og faglegan metnað nemenda og skóla.

- Verkefnið hefur breiða samfélagslega skírskotun en það fellur jöfnum höndum undir svið lista-, menningar- og menntamála sem og stoð skapandi greina í atvinnulífi þjóðarinnar. Verkefnið hefur víðtæk jákvæð áhrif, s.s. á menntun, þroska og sjálfsmynd nemenda, á nærumhverfi skóla þar sem samfélögin á hverjum stað taka þátt í viðburðinum á skóla-, svæða- og landsvísu.
- Sköpun, listum og menningu er gert æ hærra undir höfði í umræðu um menntun, mennsku og atvinnulíf og telja aðstandendur uppskeruhátíðar tónlistarskóla Nótuna vera verðugt innlegg á þeirri vegferð og í samræmi við andblæ 21. aldarinnar.



## Fjárhagsáætlun

| | Ýmis kostn. | Launagr. | Ferðak. | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **VESTURLAND OG VESTFIRÐIR** | | | | |
| Valnefnd | | 90.000 | 40.000 | |
| Kynnir | | 30.000 | | |
| Undirbúningshópur | | | | |
| Húsnæði | 50.000 | | | |
| Annað varðandi aðbúnað/stilling | 30.000 | | | |
| Tæknivinna á tónleikastað | | 20.000 | | |
| Upptökur/myndataka/úrvinnsla | | 15.000 | | |
| Veitingar f. starfsfólk | 20.000 | | | |
| Ófyrirséð | 20.000 | | | |
| | **120.000** | **155.000** | **40.000** | **315.000** |
| **NORÐUR- OG AUSTURLAND** | | | | |
| Valnefnd | | 90.000 | 20.000 | |
| Kynnir | | 30.000 | | |
| Undirbúningshópur | | | | |
| Húsnæði | 100.000 | | | |
| Annað varðandi aðbúnað/stilling | 30.000 | | | |
| Tæknivinna á tónleikastað | | 30.000 | | |
| Upptökur/myndataka/úrvinnsla | | 15.000 | | |
| Veitingar f. starfsfólk | 20.000 | | | |
| Ófyrirséð | 20.000 | | | |
| | **170.000** | **165.000** | **20.000** | **355.000** |
| **KRAGINN, SUÐURLAND OG SUÐURNES** | | | | |
| Valnefnd | | 90.000 | 20.000 | |
| Kynnir | | 30.000 | | |
| Undirbúningshópur | | | | |
| Húsnæði | 350.000 | | | |
| Annað varðandi aðbúnað/stilling | 30.000 | | | |
| Tæknivinna á tónleikastað | | 30.000 | | |
| Upptökur/myndataka/úrvinnsla | | 15.000 | | |
| Veitingar f. starfsfólk | 20.000 | | | |
| Ófyrirséð | 20.000 | | | |
| | **420.000** | **165.000** | **20.000** | **605.000** |
| **REYKJAVÍK** | | | | |
| Valnefnd | | 90.000 | | |
| Kynnir | | 30.000 | | |
| Undirbúningshópur | | | | |
| Húsnæði | 100.000 | | | |
| Annað varðandi aðbúnað/stilling | 30.000 | | | |
| Tæknivinna á tónleikastað | | 30.000 | | |
| Upptökur/myndataka/úrvinnsla | | 15.000 | | |
| Veitingar f. starfsfólk | 20.000 | | | |
| Ófyrirséð | 20.000 | | | |
| | **170.000** | **165.000** | **0** | **335.000** |
| **LOKAHÁTÍÐ í ELDBORG** | | | | |
| Valnefnd | | 90.000 | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Kynnir** | | 70.000 | | |
| **Húsnæði** | 1.200.000 | | | |
| **Annað varðandi aðbúnað/stilling** | | | | |
| **Myndataka** | | 90.000 | | |
| **Veitingar/starfsfólk** | 40.000 | | | |
| **Mynd upptaka** | | 250.000 | | |
| **Tónlist í opnum rýmum** | 30.000 | | | |
| | **1.270.000** | **500.000** | **0** | **1.770.000** |
| **SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR** | | | | |
| **Efnisskrár svæðistónleikar** | 40.000 | | | |
| **Efnisskrár - lokahátíð** | 60.000 | | | |
| **Kynningarmál/skjáauglýsingar/lesnar ofl.** | 300.000 | | | |
| **Vefur/ýmislegt** | 50.000 | | | |
| **Viðurkenningarskjöl** | 20.000 | | | |
| **Verðlaunagripir** | 300.000 | | | |
| **Tóngjafinn, verðlaun Tónastöðvarinnar** | 150.000 | | | |
| **Ýmis kostnaður** | 50.000 | | | |
| **Ófyrirséð** | 50.000 | | | |
| | **1.020.000** | **0** | **0** | **1.020.000** |
| | | | | **4.400.000** |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Áætlaður kostnaður** | | | | |
| **Vesturland og Vestfirðir** | | | | **315.000** |
| **Norður- og Austurland** | | | | **355.000** |
| **Höfuðb.sv. utan Rvk., Suðurland og Suðurnes** | | | | **605.000** |
| **Reykjavík** | | | | **335.000** |
| **Lokahátíð í Eldborg** | | | | **1.770.000** |
| **Sameiginlegur kostnaður** | | | | **1.020.000** |
| | | ***Samtals*** | | **4.400.000** |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Áætlaðar tekjur** | | | | |
| **A)** | | | | |
| **Þátttökugjöld frá tónlistarskólum** | | | | **400.000** |
| **Tónastöðin** | | | | **150.000** |
| **Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT)** | | | | **750.000** |
| **Samtök tónlistarskólastjóra (STS)** | | | | **300.000** |
| **B)** | | | | |
| **Styrkir frá sveitarfélögum sem hýsa svæðistónleika (ekki í hendi)** | | | | **400.000** |
| (höfum fengið styrki fyrir húsnæðiskostnaði fyrir svæðistónleika Nótunnar frá viðkomandi sveitarfélagi í flestum tilfellum) | | | | |
| **Sótt er um styrk til Reykjavíkurborgar að upphæð:** | | | | 400.000 |
| **C)** | | | | |
| **Fyrrum styrktaraðilar Nótunnar sem sótt hefur verið til:** | | | | |
| **Mennta- og menningarmálaráuneytið** | | | | **400.000** |
| **Ýlir – tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk** | | | | **1.000.000** |
| **Seðlabankinn** | | | | **400.000** |
| **Nýir aðilar** | | | | **200.000** |
| | | ***Samtals*** | | **4.400.000** |

**Yfirstjórn, framkvæmdastjórn, undirbúningsnefndir og fjöldi annarra sem koma að undirbúningi og framkvæmd þriggja hluta hátíðarinnar þiggja ekki laun fyrir sína vinnu.**

## Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

**Umsækjandi: Nótan – uppskeruhátíð tónlistarskóla, FT**

**Kennitala: 501299-3329**

**Heimilisfang: Laufásvegur 81**

**Netfang: sigrun@ki.is**

**Símanúmer: 6945462**

**Póstnúmer: 101**

**Staður: Reykjavík**

**Nafn ábyrgðarmanns: Sigrún Grendal**

**Kennitala ábyrgðarmanns: 150370-4429**

**Heimilisfang ábyrgðaraðila: Langalína 9**

**Póstnúmer ábyrgðaraðila: 210 Garðabær**

**Netfang ábyrgðaraðila: sigrun@ki.is**

**Símanúmer ábyrgðaraðila: 6945462**

**Hlutverk ábyrgðaraðila: Formaður yfirstjórnar Nótunnar**

**Upphæð sem sótt er um: 400.000**

**Banki: 1175**

**Höfuðbók: 26**

**Reikningsnúmer: 9297**

**Heiti verkefnis: Nótan 2018 – Uppskeruhátíð tónlistarskóla**

**Lýsing á verkefni:**

NÓTAN - uppskeruhátíð tónlistarskóla var fyrst haldin skólaárið 2009-2010 og er árlegur viðburður í kerfi tónlistarskóla á Íslandi. Uppskeruhátíðin er ný vídd í starfsemi tónlistarskóla. Hátíðin er í senn faglega hvetjandi og skemmtilegt innlegg í skólastarfið fyrir alla aðstandendur skólanna jafnt innan veggja þeirra sem utan.

NÓTAN fer fram í þremur hlutum og byggir skipulag og grunnhugsun hátíðarinnar á því að þátttakendur séu frá öllu landinu, á öllum aldri og á öllum stigum tónlistarnámsins - að uppskeruhátíðin endurspegli hin ólíku viðfangsefni tónlistarnemenda og það fjölbreytta starf sem fram fer innan tónlistarskóla út um land allt.

NÓTAN er samstarfsverkefni Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Samtaka tónlistarskólastjóra, Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og Tónastöðvarinnar. Hátíðin, sem nú verður haldin í níunda sinn, er víðtækasta samstarfsverkefni sem stofnað hefur verið til í tónlistarskólakerfinu, „grasrót tónlistarsköpunar" á landinu.

Sjá nánari lýsingu á verkefninu í meðfylgjandi umsókn.

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?**

**Börn og unglingar í tónlistarskólum út um allt land hafa hag af styrknum,**

- **bæði kynin jafnt.**

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**

**Kennarar og stjórnendur í tónlistarskólum vinna að verkefninu. Skipulagning og umsjón svæðistónleika og lokahátíðar Nótunnar er hjá FT, Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og STS, Samtökum tónlistarskólastjóra, - og þiggja fulltrúar samtakanna ekki laun fyrir sína vinnu í verkefninu. Nokkuð jöfn kynjahlutföll.**

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

**Virk jafnréttisstefna er hjá FT og hefur verið innleidd í flestum tónlistarskólum þar sem þeir eru flestir reknir af sveitarfélögunum.**

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar ?**

**Verkefnið fellur vel að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar því tónlistarnemendur geta tekið þátt í Nótunni óháð uppruna, þjóðerni, stétt, tungumáli, litarhætti, trúarbrögðum, lífs-og stjórnmálaskoðunum, kyni, kynhneigð, aldri, fötlun, holdafari, líkamsgerð, heilsufari eða atgervi. Kynjahlutföllin eru nokkuð jöfn á öllum þátttökustigum Nótunnar, innan tónlistarskólanna, á svæðistónleikum og lokahátíð. Þátttakendum er ekki er mismunað eftir aldri og framlag hvers og eins metið að verðleikum án tillits til aldurs. Fötluðum eru tryggðar aðstæður til að taka virkan þátt í Nótunni og má geta þess að á í hópi verðlaunaatriða á lokahátíð voru tvö atriði þar sem fatlaðir einstaklingur léku stórt hlutverk, - blindur píanónemandi og lamaður kennari sem þjálfaði strengjakvartett.**

**Tímaáætlun – verkáætlun . Svæðistónleikar og lokahátíð fara fram í febrúar og mars 2018.**

**Fjármögnun:**

**Áætlaðir tekjuliðir og útgjaldaliðir og upphæðir. Sjá nánari sundurliðun í meðfylgjandi umsókn.**

| | | |
|---|---|---|
| **Áætlaður kostnaður** | | |
| Vesturland og Vestfirðir | | 315.000 |
| Norður- og Austurland | | 355.000 |
| Höfuðb.sv. utan Rvk., Suðurland og Suðurnes | | 605.000 |
| Reykjavík | | 335.000 |
| Lokahátíð í Eldborg | | 1.770.000 |
| Sameiginlegur kostnaður | | 1.020.000 |
| | *Samtals* | 4.400.000 |

| | | |
|---|---|---|
| **Áætlaðar tekjur** | | |
| A) | | |
| Þátttökugjöld frá tónlistarskólum | | 400.000 |
| Tónastöðin | | 150.000 |
| Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) | | 750.000 |
| Samtök tónlistarskólastjóra (STS) | | 300.000 |
| B) | | |
| Styrkir frá sveitarfélögum sem hýsa svæðistónleika (ekki í hendi) | | 400.000 |
| (höfum fengið styrki fyrir húsnæðiskostnaði fyrir svæðistónleika Nótunnar frá viðkomandi sveitarfélagi í flestum tilfellum) | | |
| Sótt er um styrk til Reykjavíkurborgar að upphæð: | | 400.000 |
| C) | | |
| Fyrrum styrktaraðilar Nótunnar sem sótt hefur verið til: | | |
| Mennta- og menningarmálaráuneytið | | 400.000 |
| Ýlir – tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk | | 1.000.000 |
| Seðlabankinn | | 400.000 |
| Nýir aðilar | | 200.000 |
| | *Samtals* | 4.400.000 |

Yfirstjórn, framkvæmdastjórn, undirbúningsnefndir og fjöldi annarra sem koma að undirbúningi og framkvæmd þriggja hluta hátíðarinnar þiggja ekki laun fyrir sína vinnu.

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?**

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Seðlabankanum
- Ýli tónlistarsjóði Hörpu
- Landsvirkjun

**Aðrar upplýsingar:**

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

Nei

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?**

Verkefnið fékk styrk að upphæð 500.000 kr. úr Borgarsjóði árið 2016 fyrir Nótuna 2017